

kvæmt því, sem fyrir er mælt um í lögum 24. janúar 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum».

Hafið þjer jafnframt tekið það fram, að þjer verði að álíta, að hreppur barnsmóðurinnar hafi eigi þann rjett, sem henni hefði borið samkvæmt 1. gr. nefndra laga, til þess að heimta endurgjald á hálfum barnsfararkostnaðinum annaðhvort hjá barnsföðurnum eða vistarsveit hans eða framfærslusveit, því að í 4. gr. laganna sje sveitarstjórnnum og þeim, sem annast framfærslu og uppeldi barnsins eptir móðurina látna, aðeins veittur sá rjettur, sem ræðir um í 3. gr., og aðeins hafður fyrir augum rjetturinn til að heimta meðlagið með barninu. Barnsmóðurinni sje apturámóti í 1. gr. veittur rjettur til að fá helming barnsfararkostnaðarins endurgoldinn og henni heimilað að fá þetta endurgjald innheimt á þann hátt, sem segir fyrir um í 3. gr. Hreppsnefnd, sem hafi orðið að greiða kostnað við barnsfarir ógipts kvennmanns, sem framfærslurjett eigi í hreppnum, geti því eigi fengið neitt endurgoldið af þessum kostnaði hvorki hjá barnsföðurnum nje sveit hans.

Með því að jeg er samdóma áliti yðar um málefni þetta, verð jeg að vera þeirrar skoðunar, að framanritaðri fyrirspurn eigi að svara neitandi.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norduramtinu og Austuramtinu. 53

Samkvæmt tilögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 21. marz þ. á., meðmælum sýslumannsins í Sudurmúlasýslu og beiðni hreppsnefndarar í Fáskrúðsfjarðarhreppi, vil jeg hjermeð samþykkja að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Kolfreyjustað að Búðum, þó með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Akureyri um lán handa kaupstaðnum. 54

Samkvæmt beiðni yðar, herra bæjarfógeti, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 22. marz þ. á. fyrir hönd bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að bæjarsjóður nefnds kaupstaðar taki alt að 6000 kr lán til þess að byggja barnaskólahús fyrir kaupstaðinn. Jafnframt vil jeg veita hið umrædda lán úr landssjóði, með þeim kjörum, að það ávaxtist með 4% árlega og endurborgist með jöfnum afborgunum á 25 árum frá lántökudegi að telja.

Þetta er yður þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar.